

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 22. júní 2021
UST202106-186/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hallstún, Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hallstún í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag fyrir 24 ha af vel grónu landi í landi Hallstúns. Tillagan gerir ráð fyrir 8 nýjum frístundalóðum. Fyrir á frístundahúsasvæðinu eru tvær lóðir sem eru utan deiliskipulagsmarka.

Þættir sem taldir eru að geti orðið fyrir áhrifum skv. greinargerð eru landslag og náttúrufar, ásýnd og útsýni, varðveislugildi, svipmót byggðar og samfélag. Umhverfisstofnun bendir á að á svæði fyrirhugaðs deiliskipulags eru vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>). Að auki er svæðið mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðinu sé lýst í tillögunni og að áhrif á vistgerðir og fuglalíf séu metin.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur